



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

1. Fundur Landsþjónustunefndar starfsárið 2007-2008. Haldinn 19. maí 2007 á landsþjónusturáðstefnu í Víðstaðaskóla Hafnarfirði.

Fundargerð

Mættir: Allir mættir .

1. Hefðbundin fyrsti fundur nýkjörinnar LÞN.

Hjördís var kosin oddamaður næsta árs.

Linda Vilhjálmsdóttir var kosin í skrifstofunefnd.

Ingólfur Ingvarsson var kosinn ritari.

2. Elísabet H lét af störfum eftir 5 ára starf og var henni þakkað sérstaklega fyrir samstarfið.
3. Einar gerði lauslega grein fyrir störfum LÞN
4. Óformlegar umræður fóru fram um að LÞN færi í ferðalög út á land og heimsótti deildir til kynningar á málefnum sem LÞN vinnur að.

Næsti fundur LÞN: Mánudaginn 24 09 2007 kl. 17:00 Tjarnagötu Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir: Vetrarstarfið.

Ritari Ingólfur



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

2. Fundur Landþjónustunefndar 24. september 2007

Fundargerð:

Fundur haldinn að Tjarnargötu 20. 24.09.07 Fundarstjóri: Hjördís, Ritari. Ingólfur

Mættir: 10. Jóhannes B. boðaði forföll

1. Síðasta fundargerð lesinn og samþykkt.

2. Nefndarmenn gerðu grein fyrir störfum sínum í nefndum. Kári sagði frá fundi sínum við Þórarinn Tyrfings vegna AA funda sem haldnir eru á Vogu og meinta óánægju með hverjir veljast til að halda fundi. Niðurstaða fundarins er að þetta mál sé ekki mál LÞN, frekar en aðrir AA fundir. Hjörtur Bergstað var fengin til að fara á næsta fund með SÁÁ vegna málsins. Ingólfur lýsti litlum störfum upplýsingarnefndar í sumar og er þar rætt um að gefa nefndinni frí yfir sumarið nema eitthvað sérstakt komi uppá.

3. Fjallað um bréf frá SÁÁ um kynningu á AA samtökunum í Háskólabíó 3. okt á afmæli SÁÁ. Mikill umræða var um málið og var niðurstaðan sú að greiða atkvæði um málið 4 voru með en fimm á móti .

4. Önnur mál: Skrifstofunefnd leggur til að skipaður verði sérstakur starfshópur til að skoða með nefndinni greiningu á rekstri skrifstofunar, gagnvart AA útgáfunni og annara skipulagsmála. Ingólfur kemur frá LÞN í þá nefnd. Óskað verður eftir fulltrúum frá útgáfunefnd.

Guðmundur sagði frá ferð sinn á ráðstefnu AA á norðurlöndum og hvernig hægt er að tengja AA samtökin betur sín á milli í Skandinavíu. Guðmundur kom með þá spurningu frá ráðstefnunni hvort Íslendingar ætli að vera í því samstarfi og sækja ráðstefnuna í Noregi 2008 og hvort Íslendingar hefðu áhuga á að halda slíka ráðstefnu 2009. Sigurður var kjörinn til að taka við af Kára í skrifstofunefnd, en Kári baðst undan því starfi vegna anna.

Fundi slitið kl.18:25

Næsti fundur: 29.10.2007



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

3. fundur Landþjónustunefndar 29. október 2007

Fundargerð:

Fundur haldinn í Tjarnargötu 20 .sal C. Fundarstjóri: Hjördís, Ritari. Ingólfur
Mættir: 12, Einar S ekki..

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Nefndarmenn gera grein fyrir nefndarstörfum milli funda: Hjördís gerði grein fyrir störfum skrifstofunefndar og áætlað að nefndin skili af sér álit um heildarútekt á skrifstofunni.

Linda gerði grein fyrir störfum sínum á skrifstofunni en hún kynnti sér störfin þar. Linda skilar skýrslu um málið til skrifstofunefndar sem verður kynnt þegar álit nefndarinnar í heild um málið verður kynnt LPN.

Kári tilkynnti að heimasíðugerð AA samtakan sé í uppnámi og sé komið á byrjunarreit. Kári fór á Evrópuráðstefnu AA samtakana sem hann sagði stuttlega frá en skilar skýrslu á næsta fundi um ferðina.

Jóhannes skýrði frá störfum upplýsinganefndar sem sendi bréf til ritstjóra Morgunblaðsins vegna greinar sem birtis í MB 30 sept. Með yfirskriftinni "Það er til annað líf en fangelsi" (sjá bréfið í heild í fundargerð upplýsingarnefndar).

Rætt um léлага þátttöku í nefndinni, það vanti fólk til starfa, rætt um að á næstu ráðstefnu verði kjörnir varamenn. LPN veitir UPN heimild til að finna fólk til starfa.

Gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu á reikningi sem er rúmlega kr.338.000

Erindi Alanon lesið og rætt, þar sem þau óska eftir fundi með AA til að ræða nánara samstarf við A.A. Málinu vísað til UPN.

3. Önnur mál: Hjördís setti fram samantekt varðandi afmælisfundin sem hún hafði unnið, en gerð var tillaga um að hún ásamt Einari Þ setji niður á blað nákvæmlega hefðir deildarinnar.

Hjördís spyr hvað sé eðlilegt að til sé í varasjóði samtakana. Gjaldkeri tjáði að til sé Kr. 5.073.000. Miðað er við að til sé fyrir rekstri samtakan í eitt ár sem er um 6.500.000. Samþykkt er að halda þessu óbreyttu.

Samþykkt var að Linda og Ingólfur færu í deildir í Héðinshúsinu og kynntu störf LPN. Ætla að fá Elías úr upplýsinganefnd til liðs við sig.

Guðmundur bar upp fyrirspurn um hvort hann ætti að taka við ávítunarbréf frá skrifstofunefnd eða hvort LPN ætti að fjalla um málið. Guðmundur vék af fundi eðli málsins samkvæmt og málin rædd. Málinu vísað til skrifstofunefndar og fullum stuðningi lýst yfir með þeirra störf.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Fjórði fundur LÞN 26.11 2007

Fundargerð

Átta mættu, Kári, Hjördís, Sigurður F, boða forföll.
Einar öldungur tók að sér fundarstjórn.

1. Fundargerð síðasta fundar lesinn og samþykkt.

2. Fundarmenn gerðu grein fyrir störfum sínum á milli funda:

Jóhannes hafði fundað einu sinni með upplýsingarnefnd og fjallað um erindi, sagði frá þeim störfum.

Linda sagði frá störfum skrifstofunefndar en til stóð að leggja fram tillögur um starfslýsingu starfsmanns. Málinu var frestað til næsta fundar sem var ákveðin 17 desember kl. 17.00.

Gjaldkeri upplýsti að staðan á reikn er 316.476 kr

Hjörtur B fór á fund á Vogu ásamt fulltrúa SAAS og SOS þar sem fjallað var um AA fundi sem þar eru haldnir. Rætt var að Vogur sjái um fundina um helgar. Hjörtur tekur þátt í næsta spjallfundi á Vogu.

Millipinganefnd lagði fram fundargerð M.Þ.N ásamt bréfi sem ætlað er til að senda til allra AA deilda. Leitað er eftir samþykki LÞN á efni bréfsins sem var samþykkt .

3. Farið yfir fundargerð LÞN ráðstefnunar 2007

Fundargerð rædd lítilega og borinn undir atkvæði og hún samþykkt. Guðmundur gerði að tillögu sinni að einhver úr landsþjónustunni hlustaði á upptökur af fundinum til að sannreyna upplýsingar um meintar kvartanir vegna starfsmanna skrifstofu AA samtakanna séu rétt færðar í fundargerð. Því var hafnað.

4. Ákvörðun um hvort LÞN ætti að taka þátt í Skandínávísku samstarfi, sem felst í að senda þátttakanda á ráðstefnu tvisvar á ári og vera gestgjafi fimmta hvert ár. Því var hafnað af fjárhagsástæðum.

5. Velja fulltrúa og varafulltrúa á WSM 2008.

Málinu frestað til næsta fundar.

6. Útgáfumál

LÞN samþykkti útgáfu á AA bókarinnar í vasabroti

7. Önnur mál

Reikn ritara á LÞN ráðstefnunar kr 22.000 per ár samtals kr. 44.000. Að sögn Guðmundar I. stóð ekki til að hann fengi greitt. LÞN ætlar ekki að greiða fyrir ritarastörf á ráðstefnunni núna frekar en áður. Gjaldkeri sendir honum bréf þess efnis.

Guðmundur I. kynnti heimasíðugerðar tilboð frá Netmiðlun ehf. uppá 138.531 kr. (þar af 10% afsláttur ef staðgreitt). Óljóst hvort þeir peningar sem búið var að greiða til fyrri verktaka eru glataðir eður ei. Samþykkt að ganga að tilboði Netmiðlunar eftir að Hjörtur hefur kannað hvort fullreynt sé að fyrri samningsaðili skili verkinu.

Einar Þ. og Sigurður F. lýsa fullum stuðningi við Guðmund Inga starfsmann skrifstofu.

Næsti fundur LÞN verður 17. des. 2007. kl.17:00. Fundi slitið.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Landsþjónustufundur 17. 12. 2007 - Fimmti fundur

Hjördís stjórnar fundi og setti.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin. Samþykkt athugasemdalaust.

2. Meðlimir LPN gera grein fyrir störfum sínum á milli funda. Jóhannes sagði frá störfum UPN en nefndin fékk í heimsókn Alanonfélaga með spurningar um samstarf á milli AA og Alanon, með ráðstefnu í huga. Nefndin upplýsti um stefnu AA samtakana hvað þessi mál varðar. Þeim kynnt erfðavenjur AA samtakanna og þær takmarkanir sem þær setja samtökunum t.d. 6. erfðavenjan. UPN tjáði sig reiðubúna til að aðstoða með því að veita upplýsinga og miðla af reynslu ef eftir því væri óskað. Ákveðið var að hittast síðar og ræða málin nánar.

Millipinganevnd skilaði engri skýrslu enda beðið eftir vinnu varðandi handbók samtakana.

Hjördís sagði frá skrifstofunefnd, en starfshópur á hennar vegum skilaði tillögu um starfslýsingu starfsmanns á skrifstofu AA. Hún var samþykkt með smávægilegri breytingu þ.e. í kafla um þekking og hæfni kemur „ einfalt bókhald“ og í niðurlagi textans „önnur þau störf sem skrifst.nevndin felur starfsmanni og fallið getur undir starfssvið hans,“ en starfsmanni var kynnt sú tillaga á fundi 27.11. Í framhaldi lagði hann fram uppsagnabréf frá 1.12 2007. Nefndin gerir að tillögu sinni að hann hætti sem fyrst. Sú tillaga var rædd vítt og breitt og komu fram ýmis sjónarmið: Einar. Þ gerði að tillögu sinni að hann starfaði áfram eða fram að næstu þjónusturáðstefnu. Diddi lagði til að við hann yrði samið um að hann tæki að sér störf við að koma á blað upplýsingum um LPN ráðstefnuna og „stóra fundinn.“ Hjörtur tjáði sig um kvartanir vegna starfsmanns og telur að AA samtökin hafi ekki efni á að hafa slíkan mann.

Tillaga kom frá Lindu um að Guðmundur vinni uppsagnafrestin og LPN menn setji sig inní mál varðandi LPN ráðstefnu og afmælisfundinn og þær upplýsingar verði skráðar og gerðar aðgengilegar. Hallgrímur og Diddi sjái um að skrá allt nður um verklag og hefðir vegna afmælisfundarins. Linda og Sigurður B finna verkferla um LPN ráðstefnuna og á sama hátt sjá til þess að upplýsingarnar liggi fyrir og séu skráðar á aðgengilegan hátt, í tölvukerfi skrifstofunnar. Kári og Einar sjá um kjörnefndina á sama hátt. Hjördís finnur út með GSO og skráir á sama hátt.

Þessi tillaga var samþykkt.

Kári sagði frá heimasíðu og er hún í góðu ferli.

3. Önnur mál

Hjördís sagði frá athugasemdum sem henni hafði borist vegna nafnalista aftast í fundargerð LFN ráðstefnunar.

Einar lagði fram uppsagnabréf starfsmanns til skoðunar fyrir LFN.

Nefndarmenn beðnir að athuga fyrir næsta fund hvort einhver væri tilbúinn að fara á fyrirhugaðar ráðstefnur á næsta ári. En ákveðið var að það verði ákveðið á næsta fundi.

Einnig var ákveðið að kosið yrði í nefnd til að sjá um afmælisfundin á næsta fundi.

Fundi slitið á hefðbundinn hátt



LANDSÞJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Sjötti fundur Landsþjónustunefndar AA, mánudaginn 28. janúar 2008 kl. 17:00, í fundarsal C að Tjarnargötu 20.

Fundarstjóri kosin: Kári

Dagskrá fundarins:

- 1. Fundagerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.**
- 2. Meðlimir LÞN gera grein fyrir störfum sínum milli funda.**

Skrifstofunefnd sagði frá að auglýst hefði verið eftir starfsmanni. 5 sóttu um. Nefndin er að skoða það. Skrifstofunefnd hefur unnið að því að setja sig inní mál eins og samþykkt var á síðasta LÞN fundi.

Jóhannes sagði frá upplýsinganefnd en einn fundur var haldinn.

Milliþinganefnd hefur beðið eftir þýðingu frá útgáfunni um conceptin . Þýðingin er enn í vinnslu. Borist hafði uppkast sem ekki var nógu gott.

Kjörnefnd er að vinna í tilnefningum til setu í LÞN og fyrir LÞR í vor.

Kári lagði fram skýrslu um 14. Evrópuráðstefnuna sem verður lesin á Landsþjónusturáðstefnunni í vor. Einnig sýndi hann skýrslu Evrópusamtakana og verður það sett á veraldarvefin við fyrsta tækifæri.
- 3. Val í afmælisnefnd 21 apríl 2008**

Stungið var uppá Kára, Didda, Hirti og Ingó - Linda verður til vara.

Samþykkt einróma
- 4. Valin fulltrúi og varafulltrúi á WSM 2008**

Kári útskýrði hvernig þetta gengur fyrir sig en hann er að fara í annað skipti og æskilegt að með honum færi aðili sem færi sem vanur næst eða árið 2010

Ráðstefnan er haldin í New York dagana 26-30 október .

Stungið var uppá Didda og Ingó. Kosið var um málið og var Ingó kosinn.
- 5. Önnur mál.**

Jóhannes spurði um heimasíðuna, Kári sagði að hún ætti að vera tilbúin fljótlega.

Fundi slitið á hefðbundinn hátt



LANDSÞJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Sjöundi fundur Landsþjónustunefndar AA, mánudaginn 25. febrúar 2008 kl. 17:00, í fundarsal C að Tjarnargötu 20.

Fundargerð:

Fundarstjóri Hjördís
Sigurður B og Sigurður F tilkynntu forföll

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með þeirri breytingu að Hallgrímur var kjörinn í afmælisnefnd.

2. Fundarmenn gerðu grein fyrir grein fyrir störfum sínum á milli funda: Jóhannes sagði frá störfum upplýsinganefndar en þeir funduðu einu sinni. Þar var rætt um starf upplýsinganefndar SAAS en þar virðist starfið ekki vera í góðum málum. Rætt var um að kalla til fundar við þau og bjóða fram hjálp við að endurvekja starfið.

Kári sagði frá heimasíðugerð og á hún að vera komin upp á næstu dögum.

Afmælisnefndin er komin af stað og undirbúningurinn fyrir fundinn komin í gott ferli.

Kári lagði fram drög að þjónustuhandbókinni og bað um að fulltrúar færu með hana hver í sína deild og hún lögð undir samvisku þeirra. Og skal það gjört.

Kosið var í kjörnefnd af Lþn eftirtaldir voru kjörnir: Kári – Elísabet - Einar S (ei-alki)

Hjördís sagði frá störfum skrifstofunefndar, en meðal verka þeirra var að ráða starfsmann á skrifstofu og var Hallgerður ráðinn. Enginn af fulltrúum LþN var á móti þeirri ráðningu. Nýr starfsmaður hefur störf 3. mars n.k. Guðmundi Inga var þakkað fyrir samstarfið á liðnum árum.

Skrifstofunefnd ræddi einnig við útgáfunefndina um kaup á fartölvu, ásamt öðrum peningamálum á milli útgáfunnar og skrifstofunnar. Viðruð var sú hugmynd að útgáfunefndin hefði fulltrúa í skrifstofunefnd. En um slíkt er tekið fram í nýrri þjónustuhandbók sem kemur til kasta næstu Lþn. ráðstefnu að samþykkja. Farið var fram á aukið fé til reksturs skrifstofunnar og spannst mikil umræða um það. En niðurstaða úr þeirri umræðu var að skrifstofunefnd var falið að lenda málinu við útgáfunefndina, á þeim nótum sem áður hafði verið samþykkt, vegna breyttra áherslna í rekstri skrifstofunnar. Þar hafði verið rætt um 50-70.000 kr. framlag ásamt að útgáfan greiddi, heimasíðu, námskeið í Stólpa, símakostnað og tölvu. SKN fer í málið.

Ekki var fleira gjört. Fundi slitið á hefðbundin hátt.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

8. fundur Landsþjónustunefndar 31. mars 2008, haldinn að Tjarnargötu 20

Fundarstjóri Hjördís. Ritari Hallgerður.

Hallgrímur Einar Sigurður F og Ingólfur hafa boðað forfall.

Nýr starfsmaður, Hallgerður, boðin velkominn.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Fundarmenn gera grein fyrir störfum milli funda;

Hjördís gerði grein fyrir störfum skrifstofunefndar. Útgáfunefnd hefur ekki svarað bréfi skrifstofunefndar efnislega. Las bréf frá Jónasi í útgáfunefnd. Efni bréfsins rætt. Skrifstofunefnd hefur svarað því bréfi og jafnframt mun Hjördís úr skrifstofunefnd í framhaldinu skrifa ítrekunarbref til útgáfunefndar og fara fram á svör við þeim atriðum sem voru í fyrra bréfi.

Kári segir frá störfum millipinganeftdar. Drögin að handbók rædd, eintök hafa verið send til deilda í landinu og vonast eftir athugasemdum og að þau séu rædd á samviskufundum. Rætt um hvort tveggja ára edrúmennska sé næg til þátttöku á LÞN ráðstefnu. Jóhannes minnir á að AA-samtökin starfi skv. hefðum, ekki lögum og að rökrétt sé að þeir sem lengur hafi verið í samtökunum þekki betur hefðir þeirra, en hinir sem nýrri eru.

Kári segir frá afmælisfundi. Almenn ánægja hafi verið með fundinn og hann gengið vel. Allir í afmælisnefnd skilað góðri vinnu og virkjað marga með sér. Hrósar einnig starfsmanni á skrifstofu. Hjördís biður Kára að skila skýrslu frá afmælisnefnd um utanumhald afmælisfundar til að styðjast við í framtíðinni.

Jóhannes segir frá störfum upplýsingarnefndar. Hafi lítið starfað, en fjórir af sjö nefndarmönnum séu lítt eða ekkert virkir. Hallgerður starfsmaður er í samskiptum við viðskiptaaðila með heimasíðumálin og hafði m.a. látið laga formið á fundarskránni svo aðgengilegt væri að uppfæra hana. Vonast til að með frekari eftirfylgni fari heimasíðan að detta inn hvað úr hverju.

Kári segir frá störfum kjörnefndar. Margir buðu sig fram fyrir einn fráfaramandi úr LÞN og kjörnefnd er búin að velja, af mörgum frambærilegum var valinn félagi úr Vogunum, á Reykjanesi. Sjónarmið um þátttöku landsbyggðardeilda réðu þar miklu.

3. Landsþjónusturáðstefnan;

Rætt um almennan undirbúning hennar og nauðsyn þess að finna fundarstjóra og ritara fyrir ráðstefnuna í tíma og sem kunni til verka. Kári ætlar að leita til aðila með að taka þetta að sér.

4. Önnur mál;

Tilkynning barst frá Sigurði F, landsþjónustunefndarmanni um að hann ætlar að halda upp á afmæli sitt. Hann býður félögum sínum í LÞN til veislu sinnar sem er haldin 19. apríl n.k. á hóteli hans á horni Snorrabrautar og Laugavegar, milli kl 16-18 og vonast til að sjá þá þar.

Sigurður B. greinir frá andláti Gunnars Arnar, fyrrum gjaldkera og öldungs í Landsþjónustunefnd. Hans er minnst sem öndvegisfélagi.

Rætt var um bréf frá Guðmundi, fyrrum starfsmanni AA-skrifstofunnar, varðandi uppgjör launamála og hugsanlega eftirmála af þeim. Ákveðið að Hjördís athugi það nánar hvað viðkemur stöðu AA-samtakanna gagnvart honum.

Rætt var um AA-fundi á meðferðarstöðum, störf SAAS og samskipti við meðferðarstöðvar, sögu AA í þessu samhengi og stöðuna núna. Jóhannes ræddi muninn á AA-fundum sem haldnir eru á meðferðarstöðum og svo kynningarfundum AA-samtakanna og nauðsyn skýrrar aðgreiningar. Rætt að skerpa þurfi á skilgreiningum og viðhalda skerpu sem annars vill með tíma renna til.

Ekki var fleira rætt. Fundi slitið.



LANDSÞJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Síðasti fundur Landsþjónustunefndar á starfsárinu 2007-2008, haldinn að Tjarnargötu 20
28. apríl 2008, kl 17:00.

Fundargerð.

Mættir: Hjördís, Ingólfur, Linda, Einar S, Einar Þ, Hallgrímur, Sigurður B, Hjörtur, Kári
og Hallgerður af skrifstofu.

Fundastjóri er Hjördís, ritari Hallgerður.

1. mál: fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. mál: nefndarmenn fara yfir störf sín milli funda:

Hjördís hefur verið fyrir skrifstofunefnd, í samskiptum við banka og VR vegna uppgjörs
launa fyrrum starfsmanns. Les tillögu að uppgjöri vegna launanna og er samþykkt að fara
með það til VR sem og að uppgjör launa fari í gegnum VR. Jafnframt ákveðið að farið
verði fram á endurgreiðslu frá banka sem ofgreitt hafði, fyrir mistök bankastarfsmanns,
laun fyrir einn mánuð eftir að fyrri starfsmaður var hættur. Einnig var rætt um að
útgáfunefnd hafi ekki enn svarað tölvupósti skrifstofunefndar og að aftur verði leitað
svara hjá þeim.

Kári ræddi störf millipinganefndar, að þjónustuhandbókin verði tilbúin fyrir
landsþjónusturáðstefnu og að skrifstofan komi henni á netið í tíma svo fulltrúar geti lesið
hana áður en ráðstefnan hefst. Störfin gangi vel. Skipti hafa orðið á oddamanni í
millipinganefnd, en Páll tók við af Kristjáni.

Upplýsinganefnd hafði ekki haft neitt sérstakt mál til meðhöndlunar síðan á síðasta
landsþjónustunefndarfundum.

3. önnur mál: Landsþjónusturáðstefnan.

Stungið var upp á fundarstjóra, Þorsteini Ó - og það samþykkt. Hallgerður ætlar að finna
kokk til að elda á staðnum, gott eldhús sé í skólanum. Allir ætla að leggjast á eitt að finna
ritara.

Rætt um hvort skipta eigi um viðskiptabanka, ákveðið að sjá til.

Fundargerðir upplýsinganefndar, landsþjónusturáðstefna og evrópuráðstefnunnar sem
Kári fór á fyrir okkur eiga að koma inn á netið, auk fundargerða Landsþjónustunefndar.
Hjördís fráfarandi oddamaður Landsþjónustunefndar þakkar gott samstarf með góðum
hóp.

Fundi slitið á hefðbundinn hátt.